

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 483/1996.

#### 1. gr.

21. gr. orðist svo:

Umferð torfærutækja s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h., innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, skal háð fyrirmælum umferðarlaga.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2001.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

Jón Þór Ólason.

## REGLUR

### um tilkynningu samruna.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreining samruna.

##### 1. gr.

Ákvæði reglna þessara og viðauka þeirra gilda um tilkynningar til Samkeppnisstofnunar um samruna fyrirtækja sem fellur undir 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Samruni skv. samkeppnislögum nr. 8/1993 telst hafa átt sér stað þegar:

- tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
- fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
- eigendur með yfirráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfirráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða
- fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.

##### 3. gr.

Yfirráð skv. reglum þessum eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur: